

2148. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 27. júní 2014 á Hótel Ísafirði og hófst kl. 12.00

Mættir: Geir Þorsteinsson, Gylfi Þór Orrason, Guðrún Inga Sívertsen, Jóhannes Ólafsson, Ragnhildur Skúladóttir, Rúnar Arnarson, Vignir Már Þormóðsson, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Þórarinn Gunnarsson og Björn Friðbjófsson landshlutafulltrúi Norðurland. Þórir Hákonarson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Forföll: Gísli Gíslason, Róbert Agnarsson, Jakob Skúlason, Tómas Þóroddsson og Valdemar Einarsson.

Þetta var gjört:

Dagskrá:

1. Fundur með bæjaryfirvöldum á Ísafirði

Stjórn KSÍ sat fund með bæjaryfirvöldum á Ísafirði þar sem rætt var um stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og mannvirkjamál.

2. Málefni knattspyrnunnar á Vestfjörðum

Á fund stjórnar KSÍ eru mættir forsvarsaðilar knattspyrnumálefna á Ísafirði og í Bolungarvík. Formaður BÍ, Gísli Jón Hjaltason, kynnti starfsemi BÍ og fór yfir framtíðaráform félagsins m.a. í mannvirkjamálum. Góðar umræður urðu um málefni og stöðu knattspyrnunnar á Vestfjörðum þar sem hæst bar umræða um mikinn ferðakostnað sem félögin þurfa að bera. Á fundinn voru mættir:

Gísli Jón Hjaltason formaður aðalstjórnar BÍ, Marzellíus Sveinbjörnsson stjórnarmaður í aðalstjórn BÍ, Samúel Samúelsson formaður meistaraflokksráðs BÍ/Bolungarvíkur, Kristján Kristjánsson formaður barna – og unglingaráðs BÍ/Bolungarvíkur og Guðbjörn Stefanía Hafþórsdóttir formaður kvennadeildar BÍ/Bolungarvíkur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.